

Fundargerð 495

Föstudaginn 22. janúar 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 7), Kristján Þ. Halldórsson (KPH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - málskot til stjórnar - til afgreiðslu
 - ...
 - ...
3. Verklagsreglur um útlánastarfsemi - fyrri umræða
4. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema 2020 - til afgreiðslu
5. Regluvarsla
 - Erindisbréf regluvarðar - til afgreiðslu
 - Skýrsla regluvarðar fyrir árið 2020 - til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar
8. Brothættar byggðir - til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
10. Árangursmat á störfum stjórnar - til umræðu
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 494.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Lánamál - málskot til stjórnar - til afgreiðslu

...
...

3. Verklagsreglur um útlánastarfsemi - fyrri umræða

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja-, lögfræði- og rekstrarsviðs þar sem farið var yfir tillögu um breytingu á verklagsreglum um útlánastarfsemi. Um er að ræða framhald umræðu frá síðasta fundi stjórnar. AÞ kynnti tillögur að breytingum sem felast í auknum heimildum lánanefndar til lánveitinga, sölu fullnustueigna og hlutabréfa. Um nánari útfærslu er vísað í minnisblaðið.

Til máls tóku MBJ, KB, GP, AME og HÓ.

Á næsta fundi stjórnar verður tillagan lögð fram til afgreiðslu og kynnt hvaða form verður í framhaldinu á upplýsingagjöf til stjórnar.

4. Úthlutun styrkja til meistaranema

Fyrir fundinum liggur fundargerð 12. fundar stjórnar Byggðarannsóknasjóðs frá 8. desember 2020 þar sem lagðir eru til styrkir til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2018-2024 og skulu verkefnin sem sótt er um styrk til vera á sviði byggðaþróunar og kostur er að þau hafi skírskotun til byggðaáætlunar. Stjórn Byggðarannsóknasjóðs raðar umsóknum í forgangsröð og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

AÐ kynnti verkefnin sem lagt er til að hljóti styrk og styrkuppþæð.

Fjármálastjórnun sveitarfélaga. Umsækjandi Gunnlaugur A. Júlíusson, Háskóla Íslands. kr. 300.000

Fjármálakafli íslenskra sveitarstjórnarlaga verður borinn saman við samsvarandi lagatexta annarra norræna ríkja. Greint verður hvort áherslumunur sé í vinnulagi milli sveitarfélaga með hátt veltufé frá rekstri og með lágt veltufé frá rekstri. Greindur verður munur í áherslum milli æðstu embættismanna og forstöðumanna stofnana við vinnslu fjárheimilda.

Arfur sem afl. Umsækjandi Hans Jakob S. Jónsson, Háskóla Íslands. kr. 250.000

Gengið er út frá að menningararfur geti eflt byggðaþróun, aukið lífsgæði, stuðlað að þróun atvinnuvega og nýsköpun og valdeflt íbúa. Höfundur lýsir þremur verkefnum sem hann starfaði við í Svíþjóð árin 1998-2008 og ber saman við kenningar um menningararf sem afl til byggðaþróunar. Þrjú málþing verða haldin um jafnmarga staði á Íslandi og spegla síðan aðferðafræði og meginreglur sem nýtast kynnu í sama skyni hér á landi.

Snúbúar á Íslandi. Umsækjandi Hjördís Guðmundsdóttir, Háskólanum á Akureyri. kr. 250.000

Kortlagning snúbúa á Íslandi, með tilliti til menntunar- og atvinnuhátta, heimilishaga, viðhorfa til búsetu, búsetusögu og fleiri þátta. Umfang snúbúa og einkenni þeirra hefur ekki verið rannsakað í íslensku samhengi áður. Aukin þekking á drifkröftum búsetuáætlana snúbúa getur stuðlað hnitmiðaðri stefnumótun og markvissari aðgerða í byggðaþróun.

Impact of sheep grazing on botanic diversity and species richness. Umsækjandi Brynjólfur Brynjólfsson, Landbúnaðarháskóla Íslands. kr. 200.000

Verkefnið fjallar um áhrif mislangrar friðunar annarsvegar og sauðfjárbeitar hinsvegar á tegundafjölbreytileika í íslenskri náttúru. Borin verða saman svæði sem hafa verið friðuð í 30, 50 og 80 ár, við sambærileg svæði sem hafa verið beitt frá alda öðli, með tilliti til tegundafjölbreytni plöntutegunda.

Til máls tóku MBJ, KB, HÓ og GP.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Regluvarsla - til afgreiðslu og kynningar

Skýrsla regluvarðar fyrir árið 2020 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar fyrir árið 2020 og fór HÁ regluvörður Byggðastofnunar yfir skýrsluna. Engin sérstök mál komu á borð regluvarðar á árinu en einnig ræddi hann um stöðu og verkefni regluvörslu auk áhættuþátta.

Erindisbréf regluvarðar - til afgreiðslu

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2021, Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Til máls tók GP.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2021 og var það samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 48/20-49/20 og 1/21-2/21 sem AME kynnti.

Til máls tók GP.

7. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar

HP kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2020 sem HP kynnti. Allir mældir áhættuþættir voru innan tilsettra marka.

Rætt var um að settar yrðu fram nokkrar sviðsmyndir og kynntar fyrir stjórn um sjóðstreymi stofnunarinnar ef frestanir afborgana halda áfram.

Til máls tóku MBJ, KB, AP og GP.

HKH og HP viku af fundi.

8. Brothættar byggðir - til kynningar

HH og KPÐ komu á fundinn og kynntu stöðu verkefna innan vébanda Brothættra byggða. Fyrir fundinum liggur ársskýrsla Brothættra byggða fyrir árið 2019.

HH og KPÐ viku af fundi.

9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu rekstrar og verkefna í lok árs 2020 sem AP kynnti. Ræddi hann sérstaklega vinnu við endurnýjun byggðaáætlunar og málefni Seyðisfjarðar.

Til máls tóku MBJ, MaH og KB.

MBJ sagði frá erindi sem honum hafði borist frá Austfari ehf.

10. Árangursmat á störfum stjórnar - til umræðu

AP lagði til að árangursmatinu yrði frestað sökum aðstæðna og tekið upp í haust.

Til máls tók MBJ.

11. Önnur mál

Aukaúthlutun á aflamarki á Bakkafjörð

AP upplýsti að sveitarstjórn Langanesbyggðar hefði bókað um aukaúthlutun á aflamarki á Bakkafirði. Málið verður tekið upp á næsta fundi stjórnar.

12. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun er 19. febrúar nk.
Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:32

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir